




Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið



Ársskýrsla innflytjendaráðs 2018

Júlí 2019

Félagsmálaráðuneytið: Ársskýrsla innflytjendaráðs 2018
Júní 2019

Útgefandi: Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík
Sími: 545 8100
Bréfasími: 551 9165
Netfang: frn@frn.is
Vefsíða: www.frn.is

Umbrot og textavinnsla: Félagsmálaráðuneytið

© 2019 Félagsmálaráðuneytið

ISBN 978-9935-477-68-2

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Hlutverk innflytjendaráðs:	4
Aðalmenn	4
Varamenn	4
1 Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda	6
2 Þróunarsjóður innflytjendamála	8

Inngangur

Starfandi innflytjendaráð var skipað 25. júní 2018 samkvæmt lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012.

Samkvæmt 5. gr. laganna er hlutverk innflytjendaráðs að:

- a. vera ráðherra til ráðgjafar við faglega stefnumótun í málefnum innflytjenda og hafa eftirlit með framkvæmd hennar,
- b. stuðla að samhæfingu og samráði milli ráðuneyta, sveitarfélaga og innan stjórnsýslunnar,
- c. stuðla að opnum umræðum um málefni innflytjenda með ráðstefnum og fundum með hagsmunaaðilum,
- d. gera árlega tillögu til ráðherra um hverjar áherslur þróunarsjóðs innflytjendamála skulu vera,
- e. gera árlega tillögu til ráðherra um veitingu styrkja úr þróunarsjóði innflytjendamála,
- f. skila ráðherra árlega skýrslu um störf sín og vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.
- g. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Skýrsla þessi er rituð í samræmi við f-lið 5. gr. laga um málefni innflytjenda.

Aðalmenn

- ▶ Tatjana Latinovic, án tilnefningar, formaður
- ▶ Luciano Dutra, án tilnefningar, varaformaður
- ▶ Hanna Rún Sverrisdóttir, tiln. af dómsmálaráðuneytinu
- ▶ Ólafur Grétar Kristjánsson, tiln. af mennta- og menningarmálaráðuneytinu
- ▶ Anna Guðrún Björnsdóttir, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- ▶ Sabine Leskopf, tiln. af Reykjavíkurborg

Varamenn

- ▶ Mirosław Luczynski, án tilnefningar
- ▶ Johanna Elizabeth Van Schalkwyk, án tilnefningar
- ▶ Vera Dögg Guðmundsdóttir, tiln. af dómsmálaráðuneytinu
- ▶ Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir, tiln. af mennta- og menningarmálaráðuneytinu
- ▶ Þórður Kristjánsson, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- ▶ Tomasz Chrapek, tiln. af Reykjavíkurborg

Forstöðumaður Fjölmeningarseturs, Rúnar Helgi Haraldsson, situr fundi ráðsins og hefur málfrelsi og tillögurétt. Starfsmaður ráðsins er Jóna Guðný Eyjólfsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, sem tók til starfa á haustmánuðum.

Kristján Sturluson og Lilja Borg Viðarsdóttir voru tilnefnd af dómsmálaráðuneytinu við skipun ráðsins í júní 2018 en hættu í ráðinu um haustið. Þá voru þær Hanna Rún Sverrisdóttir og Vera Dögg Guðmundsdóttir tilnefndar af dómsmálaráðuneytinu í þeirra stað.

Ríkisstjórnarskipti í árslok 2017 settu mark sitt á vinnu ráðsins þetta árið þar sem skipa þurfti nýtt ráð áður en vinna gat hafist af fullum krafti. Nýtt innflytjendaráð var skipað um mitt ár 2018, fram að þeim tíma sinnti fyrra ráð eingöngu brýnustu verkefnum, þ.e. úthlutun úr þróunarsjóði innflytjendamála, auk þess sem ráðið kom að undirbúningi tveggja verkefna í tengslum við #meetoo byltinguna. Annars vegar var um að ræða verkefni í samvinnu við Háskóla Íslands um greiningu á stöðu kvenna af erlendum uppruna – hvar kreppir að. Þar undirritaði ráðherra samning á milli velferðarráðuneytisins og Háskóla Íslands um gerð greiningar á stöðu kvenna af erlendum uppruna. Markmið greiningarinnar

er meðal annars að kortleggja þá þekkingu sem liggur fyrir um stöðu kvenna af erlendum uppruna og afla gagna um helstu hindranir sem konur af erlendum uppruna upplifa í íslensku samfélagi. Annars vegar er samningurinn er hluti af viðbrögðum stjórnvalda vegna frásagna kvenna af erlendum uppruna undir formerkjum #meetoo. Hins vegar var um að ræða verkefni þar sem ráðherra undirritaði samning við Samtök kvenna af erlendum uppruna og Borgarbókasafnið þess efnis að ráðuneytið styrki Söguhring kvenna en verkefnið hefur verið starfrækt í um tíu ár. Markmið Söguhringsins er meðal annars að styrkja tengslanet erlendra kvenna á Íslandi, skapa vettvang þar sem konur geta deilt reynslu sinni í öruggu rými, leitað stuðnings og notað sköpun til að stuðla að félagslegum tengslum.

Fyrsti fundur nýs innflytjendaráðs var 4. október 2018 og voru haldnir fjórir fundir fyrir árslok. Nýtt ráð einbeitti sér að kortlagningu á stöðu framkvæmdaáætlunar í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019 auk þess sem innflytjendaráð rýndi stöðu innflytjenda á húsnæðis- og vinnumarkaði. Innflytjendaráð gerði enn fremur tillögur til ráðherra um áherslur þróunarsjóðs innflytjendamála fyrir árin 2018–2019.

Á árinu kom út endurbætt útgáfa upplýsingaritsins *Fyrstu skrefin* á níu tungumálum. Haldinn var kynningarfundur um útgáfu bæklingssins í velferðarráðuneytinu í lok nóvember og boðið til fundar fulltrúum frá Vinnumálastofnun, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Samtökum kvenna af erlendum uppruna, Söguhring kvenna og Rauða krossinum á Íslandi ásamt forstöðumanni og upplýsingafulltrúa Fjölmenningsseturs sem hafa unnið að verkefninu. *Fyrstu skrefin* voru gefin út í fyrsta sinn á arabísku.

Hinn 13. desember 2018 hélt formaður innflytjendaráðs kynningu fyrir teymi um málefni innflytjenda. Um er að ræða teymi sem er þvert á stofnanir og skipað hagsmunaaðilum og sérfræðingum í málefnum innflytjenda. Farið var yfir hlutverk innflytjendaráðs, skipan ráðsins og helstu verkefni.

1 Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda

Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016–2019 var samþykkt á Alþingi í september 2016. Áætlunin er byggð upp af fimm stöðum sem eru samfélagið, fjölskyldan, menntun, vinnumarkaður og flóttafólk. Þar eru 30 samþykktar aðgerðir sem stuðla allar að því að tryggja jöfn tækifæri allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og aðstæðum. Aðgerðirnar eru á ábyrgð þriggja ráðuneyta: Velferðarráðuneytisins, innanríkisráðuneytisins (nú ýmist dómsmálaráðuneytisins eða samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins) og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Framkvæmdaáætlunin var unninn innan innflytjendaráðs á árunum 2014–2016 í samráði við sérfræðinga og hagsmunaaðila. Að mati innflytjendaráðs felur hún í sér góða kortlagningu á helstu úrlausnarefnum í málefnum innflytjenda og brýnt að hrinda þeim aðgerðum í framkvæmd sem hún kveður á um. Hún gerir ráð fyrir viðtæku samstarfi ýmissa aðila sem vinna að málefnum innflytjenda. Eitt af meginverkefnum Fjölmenningsarseturs er eftirfylgni með framkvæmdaáætluninni.

Innflytjendaráð telur mikilvægt að auka upplýsingaflæði milli ráðuneyta, ríkisstofnana, sveitarstjórna og hagsmuna- og félagasamtaka við framkvæmd aðgerða í áætluninni og tryggja aðkomu þeirra að gerð tillagna að aðgerðum eins og áætlunin kveður á um. Jafnframt er mikilvægt að efla utanumhald um framvindu verkefna og taka reglulega stöðumat á aðgerðum. Framkvæmd aðgerðanna hefur seinkað, ekki síst vegna tíðra breytinga innan stjórnáætlunar. Nauðsynlegt er að tryggja framkvæmd allra aðgerðanna með fullnægjandi fjármagni á fjárlögum. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á að tillögurnar gera ráð fyrir að settir verði á laggirnar 18 starfshópar til að vinna aðgerðatillögur en aðeins einn slíkur hópur hefur verið skipaður sem er nefnd um samræmda móttöku flóttafólks, sbr. aðgerð E.1.

Innflytjendaráð er ábyrgðaraðili að fjórum aðgerðum samkvæmt framkvæmdaáætluninni, þ.e. aðgerðum A.2, A.5, B.5 og D.3. Aðgerð A.2 snýr að því að auka vitund samfélagsins og stuðla að aukinni þekkingu á þeim tækifærum og verkefnum sem í því felast. Innflytjendaráð samþykkti að við næstu kynningu verði horft sérstaklega til ungs fólks. Sú kynning mun fara af stað þegar ný viðhorfskönnun liggur fyrir. Innflytjendaráð fjallaði einnig um aðgerð B.5 sem lýtur að innflytjendum á húsnæðismarkaði og fékk kynningu á rannsókn þess efnis.

Hinn 5. desember gerðu félags- og jafnréttismálaráðherra, Kvennaathvarfið og Mannréttindaskrifstofa Íslands með sér samkomulag um verkefni sem ætlað er að efla fræðslu um þjónustu og lagaleg úrræði í þágu kvenna af erlendum uppruna hér á landi sem hafa orðið orðið fyrir heimilisofbeldi. Ásmundur Einar Daðason, Sigprúður Guðmundsdóttir framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins og Ellen Calmon, formaður Mannréttindaskrifstofu Íslands undirrituðu samkomulag þessa efnis sem ber yfirskriftina *Þekktu rétt þinn, þekking er vald*. Í samkomulaginu um verkefnið er kveðið á um samráð við innflytjendaráð, dómsmálaráðuneytið, lögreglu, Barnaverndarstofu, félagsþjónustu sveitarfélaga, heilsugæslu, félög og hagsmunasamtök innflytjenda og mögulega önnur félagasamtök. Stofnaður verður starfshópur sem útbýr fræðsluáætlun og námskeið fyrir konur af erlendum uppruna sem búa við félagslega erfiðleika og hafa lítið stuðningsnet. Stuðst verður við bæklinginn *Réttur þinn* auk fræðsluefnis sem Kvennaathvarfið og Mannréttindaskrifstofa Íslands hafa yfir að ráða. Auk skipulagðra námskeiða verður leitast við að ná til einangraðra kvenna og þeirra sem ekki eru líklegar til að heyra af eða sækja

slík námskeið. Þannig er fyrirhugað að nálgast konurnar í gegnum Samtök kvenna af erlendum uppruna, Kvennaathvarfið, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rauða krossinn á Íslandi, Borgarbókasafnið, Hjálparstarf kirkjunnar, félagsstarf í Breiðholti og miðbæ o.fl. Verkefnið er hluti af aðgerðum sem tilgreindar eru í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.

2 Próunarsjóður innflytjendamála

Próunarsjóður innflytjendamála var settur á laggirnar árið 2007. Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróunarverkefni á sviði málefna innflytjenda með það að markmiði að auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi og gera samfélaginu betur kleift að koma til móts við þá. Háskólasetur Vestfjarða hefur verið með samning við velferðarráðuneytið og sinnt umsýslu sjóðsins. Þar eru yfirlit yfir verkefni vistuð.

Ár hvert gerir innflytjendaráð tillögur til ráðherra um áherslur sjóðsins og einnig um tillögur til úthlutunar. Áhersla úthlutunar er ákveðin síðar í samræði við ráðherra. Frá því að framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda var samþykkt hefur auk þess verið hvatt til þess að verkefni sem sótt er um styrk til falli að þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, hvort sem þau hafa tekið mið af áherslum sjóðsins það árið eða að öðrum aðgerðum áætlunarinnar.

Í ár var lögð sérstök áhersla á börn og ungmenni en jafnframt var áfram lögð áhersla á virka þátttöku innflytjenda í samfélaginu og aukinn sýnileika þeirra líkt og gert hefur verið undanfarin ár. Margar umsóknir féllu beint að áherslum ársins og varð raunin sú að 15 umsóknir sem styrktar voru lutu beint að börnum og ungmennum og sjö að virkri þátttöku innflytjenda. Í ljósi tíðarandans í samfélaginu og #metoo byltingarinnar sem fór hátt í samfélagsumræðunni á meðan opið var fyrir umsóknir í sjóðinn var töluvert af umsóknum sem tengdust #metoo byltingunni. Alls voru sjö þeirra verkefna styrkt. Sumar umsóknir tengdust fleiri en einu áhersluatriði en allar féllu þær að fyrrgreindum áhersluatriðum.

Árlega úthlutar sjóðurinn 10 milljónum króna til valinna verkefna. Vegna ríkisstjórnarskipta árið 2016 dróst úr hófi að úthluta úr sjóðnum og var ákveðið að úthluta tvisvar sinnum 15 milljónum kr. í stað þrisvar sinnum 10 milljóna fyrir árin 2016–2018. Auglýst var eftir umsóknum 9. desember 2017, umsóknarfrestur var til 31. janúar 2018 og úthlutað úr sjóðnum 5. júní sama ár.

Í þetta sinn bárust 72 umsóknir og fór sérstök matsnefnd yfir allar umsóknir. Í matsnefndinni var formaður innflytjendaráðs, starfsmaður ráðsins sem jafnframt er sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar sem og forstöðumaður Fjölmenningarseturs. Matsnefndin lagði til að styrkt yrðu 23 verkefni að upphæð 14,3 milljónir króna.

Verkefnin sem hlutu styrk eru fjölbreytt og má þar nefna verkefnið *Culture Class* á vegum Sambands íslenskra framhaldsskólanema. Verkefnið miðar að því að útbúa myndbönd, sem sérstaklega eru ætluð ungu fólki af erlendum uppruna og foreldrum þeirra, og eiga þau að vera fræðandi um íslenskt samfélag sem og þá upplifun að vera af erlendum uppruna á Íslandi. Þroskahjálp hlaut styrk fyrir verkefnið *Vitundarvakning um rétt fatlaðra barna innflytjenda til viðeigandi þjónustu*. Verkefnið miðar að því að útbúa og miðla kynningarefni fyrir foreldra fatlaðra barna innflytjenda um rétt til þjónustu og einnig þá aðstoð, úrræði og ráðgjöf sem stendur þeim til boða. Markmið verkefnisins er að draga úr hættu á að fötluð börn innflytjenda fari á mis við þjónustu sem þau þurfa á að halda og eiga rétt á. Reykjavíkurborg fékk enn fremur styrk fyrir verkefnið *Stígum saman í áttina að öfluggu samfélagi*. Verkefnið snýr að því að veita konum af erlendum uppruna upplýsingar um réttindi þeirra og skyldur, efla þær til þess að miðla menningararfi sínum á vinnustöðum þeirra og innan samfélagsins alls.

Yfirlit yfir öll verkefni sem hlutu styrk má nálgast á vefsvæði Háskólaseturs Vestfjarða www.uw.is.

Haldinn var kynningarfundur um þróunarsjóðinn föstudaginn 12. janúar 2018 fyrir væntanlega umsækjendur. Kallað hafði verið eftir nánari leiðbeiningum fyrir umsækjendur og var þeim kröfum mætt með fundinum þar sem farið var ítarlega yfir reglur sjóðsins, áherslur ársins og umsóknarferlið. Um 40 manns sóttu fundinn og var gerður að honum góður rómur.

Í lok ársins voru framlög til sjóðsins aukin úr 10 milljónum króna í 25 milljónir króna samkvæmt ákvörðun Ásmundar Einars Daðasonar, þá félags- og jafnréttismálaráðherra en nýtt félagsmálaráðuneyti tók til starfa þann 1. janúar 2019 og varð um leið embættistitill ráðherrans félags- og barnamálaráðherra. Ásmundur Einar segir breyttan embættistitil endurspeglar áherslur hans og einbeittan vilja til að setja verkefni í þágu barna og barnafjölskyldna í forsæti: „Í því sambandi er mikilvægt að engir verði skildir eftir. Það er sérstök ástæða til að huga vel að börnum og ungmönnum af erlendum uppruna og fjölskyldum þeirra sem eru að fóta sig á nýjum stað, við aðstæður sem eru þeim jafnvel mjög framandi.“